

Fjármálaeftirlitið og staða fjármálamarkaðurins

Undanfarin ár hafa einkennst af uppgangi á íslenskum fjármálamarkaði. Þannig hafa eignir viðskiptabankanna fjórfaldast á síðustu þremur árum og eignir annarra aðila í fjármálaþjónustu vaxið töluvert. Um síðustu áramót voru vegnar eignir fjármálakerfisins á hvern starfsmann Fjármálaeftirlitsins um 128 milljarðar – og hafði sú upphæð rúmlega tvöfaldast á þremur árum.

Alþjóðavæðing fjármálakerfisins hefur kallað á aukin erlend samskipti Fjármálaeftirlitsins, en íslenskir bankar störfuðu um síðustu áramót í um 60 starfseiningum í 23 löndum.

Fjármálaeftirlitið hefur brugðist við breyttum aðstæðum á ýmsan hátt. Þannig var mótuð skýr stefna með áþreifanlegum markmiðum, skipulagi og innri ferlum var breytt til að auka skilvirkni, gerðar eru miklar kröfur við ráðningu og til frammistöðu starfsmanna og jafnframt er metnaðarfull upplýsingatæknistefna farin að skila áþreifanlegum árangri.

Samhliða þessu hefur skilningur aukist á hlutverki og mikilvægi Fjármálaeftirlitsins. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega kveðið á um nauðsyn þess að Fjármálaeftirlitið sé öflugt og Samtök fjármálaþyrirtækja (SFF) hafa tekið undir slíkt og einnig sýnt því skilning að eftirlitið þurfi að vaxa í takt við umsvif markaðarins.

Þessi samstaða er mikilvæg þar sem markmið SFF og Fjármálaeftirlitsins fara í meginatriðum saman. Fjármálaeftirlitið vill stuðla að traustum undirstöðum fjármálaþjónustufyrirtækja og að leikreglum sé fylgt. SFF vinnur að samkeppnishæfum starfsskilyrðum fjármálaþjónustufyrirtækja. Að mínu mati verða fyrirtæki í fjármálaþjónustu aldrei samkeppnishæf nema þau teljist löghlýðin og undirstöður þeirra séu traustar. Til að staðreyna slíkt á trúverðugan hátt þarf sjálfstætt og öflugt eftirlit.

Alþjóðlegir lausafjárerfiðleikar

Frá síðasta hausti hafa lausafjárerfiðleikar einkennt alþjóðlega fjármálamarkaði. Þannig leiddi lélegt áhættumat og vanskil á bandarískum undirmáslánum til þess að verðmæti skuldabréfavafninga sem innihéldu slík lán lækkaði og tap myndaðist. Áhrif þessa voru víðtæk og óvissa myndaðist um hverjir bæru áhættu vegna slíkra skuldabréfavafninga og hversu mikil áhættan væri. Þetta kom m.a. til af því að ýmsar fjármálastofnanir höfðu staðið að stofnun sérstakra fjárfestingafélaga/sjóða (SPV, SIV, Conduit) sem keyptu slíka vafninga en fjármögnuðu sig oft til skamms tíma. Í kjölfar þessa jókst áhættufælni, fjármagnskostnaður hækkaði verulega og fjármálaþyrirtæki héldu í laust fé.

Áhrif þessa hérlendis hafa komið fram á þann hátt að erfiðara varð fyrir íslensku bankana að fjármagna starfsemi sína á viðunandi kjörum. Slíkt hefur dregið úr umsvifum þeirra og mun væntanlega hafa áhrif á hagnað.

Fram til áramóta má segja að áhrifin á íslensku bankana hafi verið í takti við það sem gerðist alþjóðlega, en á þessu ári hefur engin skynsemi verið í hinu svokallaða CDS álagi. Þetta álag er í engu samræmi við traustar undirstöður bankanna, láns hæfismat þeirra eða stöðu Íslands efnahagslega sem aðila að Innri markaði Evrópusambandsins og OECD.

Staða viðskiptabankanna

En lítum á nokkur atriði varðandi stöðu viðskiptabankanna þriggja.

Hér er um alþjóðlega banka að ræða með höfuðstöðvar á Íslandi. Þannig eru (að meðaltali):

Um 58% af tekjum bankanna erlendis frá.

Um 55% af útlánum þeirra til erlendra aðila.

Um 41% heildareigna eru í erlendum dótturfélögum.

Um 50% starfsmanna eru erlendis.

Af þessu má sjá að útrás bankanna hefur valdið því að dreifing eigna og tekna er mun meiri en áður og áhætta vegna efnahagsástands á Íslandi hefur að sama skapi minnkað.

Fleiri aðilar koma jafnframt að eftirliti með starfsemi bankana, því þó Fjármálaeftirlitið hafi sem heimaríki samstæðueftirlit með bönkunum, þá koma erlend fjármálaeftirlit með mismiklum hætti, eftir rekstrarformi, að eftirliti með dótturfélögum og útibúum erlendis.

Ef litið er á afkomu bankanna hefur hún verið mjög góð á síðustu árum. Ef eingöngu er litið til ársins 2007 var meðaltals hagnaður þeirra fyrir skatta um 24% af eigin fé. Það var hagnaður hjá þeim öllum á 4. ársfjórðungi þess árs, en sá fjórðungur reyndist mörgum erlendum fjármálafyrirtækjum þungur í skauti. Ef bankarnir eru bornir saman við nokkra norræna banka kemur í ljós að þeir standast fyllilega samanburð.

Ef reynt er að útiloka áhrif tekna af gengishagnaði af fjármálagerningum og litið til hagnaðar af vaxtamun og þóknunartekjum þá var hlutfallið 15,5%, sem er ágætt og alveg samanburðarhæft við sömu banka.

Ef litið er á eiginfjárstöðu þá var hún 11,6% að meðaltali í lok síðasta árs og er hvað hæst af samanburðarbönkunum.

Að síðustu má nefna að bankarnir standast allir strangt álagspróf Fjármálaeftirlitsins.

Ábendingar

En þó undirstöður íslensku viðskiptabankanna séu almennt traustar, þá eru ýmsar áskoranir í rekstri þeirra eins og hjá öðrum bönkum í heiminum.

Það má segja viðskiptabönkunum þremur til hróss að þeir áttuðu sig snemma á mikilvægi áhættustýringar í rekstri sínum. Ágætt dæmi um árangur þessa er sú staðreynd, að öfugt við fjölmarga banka um allan heim, þá voru fjárfestingar þeirra í sérlega áhættusömum fjármálagerningum hverfandi.

Það eru hins vegar nokkur atriði sem ég vil nefna sem gætu mögulega styrkt íslenskan fjármálamarkað.

Í fyrsta lagi, verða stjórnendur bankanna að sýna fram á að þeir kunni að rífa seglin í stormi og stórsjó, eins og nú gengur yfir, og lækka kostnað og minnka efnahag sinn. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika að meginábyrgð á rekstri fjármálafyrirtækja hvílir á stjórnendum þeirra og eigendum. Það eru þeir sem móta stefnuna, taka viðskiptaákvæðanirnar, njóta hagnaðarins og bera tapið, ef því er að skipta.

Í annan stað, má nýta aðstæðurnar til að huga að hagræðingu og sameiningu á innlendum fjármálamarkaði. Þá á ég ekki endilega við stór-samruna, þó færa megi rök fyrir því að stærri einingar væru samkeppnishæfari og stæðu styrkari fótum á alþjóðlegum mörkuðum. Ég er fyrst og fremst að horfa til þess að á litla Íslandi hafa um 34 fyrirtæki starfsleyfi sem lánaþyrirtæki (verðbréfaþyrirtæki ekki meðtalin). Mörg fyrirtækjanna eru smá en með víðtækar starfsheimildir og keppa þannig á vettvangi þar sem stærðarhagkvæmni skiptir máli varðandi verð og þjónustugæði. Afkoma sumra minni fyrirtækja af kjarnastarfsemi hefur ekki verið sérstaklega góð undanfarin ár og stærsti hluti hagnaðar myndast af gengishagnaði verðbréfa, sem getur verið fallvalt að treysta á.

Í þriðja lagi þurfa fjármálafyrirtæki að gæta vel að þröngu eignarhaldi, lánnum til venslaðra aðila og stórum áhættuskuldbindingum. Þetta er ekki ný áminning af minni hálfu, en nokkuð sem ég tel afar mikilvægt fyrir heilbrigði, orðspor og þá um leið samkeppnishæfni íslenska markaðarins. Þó svo að fyrirtækin séu innan löglegra marka, geta innri reglur gert ríkari kröfur í þessu efni.

Tengt þessu, þá væri æskilegt, með það að markmiði að stuðla að heilbrigðum og traustum rekstri og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, að fjármálafyrirtæki og eigendur þeirra hugi ekki eingöngu að krosseignatengslum heldur einnig að krosstjórnarsetu í fyrirtækjum í fjármálaþjónustu.

Í fjórða lagi tel ég mikilvægt að bankarnir auki gegnsæi í upplýsingagjöf sinni og vísa í því efni til hugmynda sem ég setti fram á morgunverðarfundum Viðskiptaráðs um Ímyndar- og orðsporskrísur þann 5. desember síðastliðinn.

Í fimmta lagi er mikilvægt, einkum ef hægir á í efnahagslífinu, að gæta vel að útlánagæðum, grípa fljótt inn í ef vandræði eru í uppsiglingu og leggja strax til hliðar á afskriftarreikning. Jafnframt þurfa fjármálafyrirtækin að gæta jafnræðis í meðhöndlun

sinni á skuldurum. Fjármálaeftirlitið gerði viðamikla vettvangsúttekt á útlánagæðum í september á síðasta ári hjá sex stærstu fjármálafyrirtækjunum, sem reynst hefur góður grunnur að viðvarandi eftirliti.

Í sjötta lagi, er stóra verkefnið að vinna að fjármögnun og viðhalda lausafjárstöðu. Í þessu sambandi má segja að bankarnir hafi staðið vel að vígi þegar lausafjárerfiðleikarnir hófust á alþjóðamörkuðum. Endurgreiðslutími langtímalána hafði verið lengdur, árið 2008 er tiltölulega létt ár í endurfjármögnun og fjármálafyrirtækin hafa fylgt krefjandi innri reglum um lausafé. Hér verða menn að sýna árvekni og nýta hvert tækifæri sem opnast, því lausafjárerfiðleikar er áhætta sem getur birst með skömmum fyrirvara.

Íslandsálagið

Eins og ég vék að áðan er svokallað skuldatryggingaálag Íslensku bankanna langt fyrir utan öll skynsemismörk. Ég er ekki einn um þá skoðun, en matsfyrirtækið Moody's sagði í álitinu sínu í gær að „núverandi skuldatryggingarálag ýkti á ósanngjarnan hátt íslenska skuldaraáhættu“. Svipaðar skoðanir hafa komið frá öðrum marktækum greiningaraðilum svo sem fyrirtækinu Credit Sights.

Að mínu mati eru orsakir þessa háa álags sálræn, tæknileg og hátternisbundin. Það sem um er að ræða er almenn áhættufælni á alþjóðamörkuðum, tæknilegir ágallar á óskipulegum og grunnum markaði og afleiðing illskeyttrar umræðu um bankana og íslenskt efnahagslíf. Full ástæða er til þess að kanna á alþjóðavettvangi hvort setja eigi reglur um þessi viðskipti og jafnvel að þau þurfi að eiga sér stað á skipulögðum markaði. Þannig myndu liggja fyrir upplýsingar um kaupendur og seljendur, verðtilboð og hagsmunaáreikstra. Það skýtur skökku við að takmörkuð og ógegnsæ viðskipti á óskipulögðum markaði geti haft veruleg áhrif á fjármögnunarkjör skráðra fyrirtækja, sem síðar hefur áhrif á afkomu þeirra og hlutabréfaverð.

Það er í sjálfu sér skoðunarefni hvernig umræðan um íslenskt efnahagslíf og íslensku bankana hefur þróast hjá erlendum aðilum. Athyglin hefur verið mikil og niðurstöður oft dregnar út frá hægnum forsendum. Einblínt er á miklar skuldir þjóðarbúsins en þess vart getið að á móti þeim standa verulegar eignir. Einblínt er á viðskiptahalla en þess vart getið að hann er að dragast saman og á sér ákveðnar skýringar. Einblínt er á stærð bankanna í íslensku efnahagslífi en þess vart getið að meirihluti starfseminnar er óháður íslensku efnahagslífi. Með tilvísun til þessa stærðarmunar er síðan efast um að hið opinbera gæti aðstoðað bankana ef á þyrfti að halda, án þess að fjallað sé um sterka stöu þeirra og álit frá Moody's frá því í janúar sl. um hið gagnstæða.

Hvort sem að slík skrif eru sett fram af vanþekkingu eða í ákveðnum tilgangi er ljóst að umtalssáhætta er orðin töluverð áhætta fyrir íslenskt fjármála- og efnahagskerfi.

Lokaorð

Góðir gestir,

Staða íslensku bankanna er í grunninn sterk. Engu að síður er ljóst að alþjóðlegir erfiðleikar á fjármálamörkuðum munu setja svip sinn á þetta ár og fyllstu aðgæslu er þörf.

Framundan er tími samþættingar, aðhalds og endurskipulagningar í rekstri fjármálafyrirtækja. Ef vel er að verki staðið getur fjármálakerfið í heild sinni styrkst. Við skulum vinna saman að því markmiði.